

GOTT REKSTRARÁR AÐ BAKI – STERKUR EFNAHAGUR

- Hagnaður ársins eftir skatta var 89,1 milljón USD samanborið við 111,2 milljónir USD árið 2015.
- EBITDA á 4. ársfjórðungi var 2,5 milljónir USD samanborið við 22,9 milljónir USD á sama ársfjórðungi á síðasta ári.
- Lækkun meðalfargjalda og gengisþróun skýra lakari afkomu á fjórða ársfjórðungi að mestu.
- Heildartekjur jukust um 12% á 4. ársfjórðungi.
- Sterk fjárhagsstaða: 44% eiginfjárlutfall og handbært fé og markaðsverðbréf námu 250,1 milljón USD í árslok 2016.
- Aukin óvissa í alþjóðlegum flugrekstri.
- EBITDA spá fyrir árið 2017 nemur 140-150 milljónir USD.

Þúsundir USD	4. ársfj. 2016	4. ársfj. 2015	Breyt.	% Breyt.	12 mán. 2016	12 mán. 2015	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Heildartekjur	256.472	229.966	26.506	12%	1.285.574	1.139.699	145.875	13%
EBITDAR	12.007	31.587	-19.580	-62%	254.960	261.710	-6.750	-3%
EBITDA	2.453	22.942	-20.489	-89%	219.845	226.666	-6.821	-3%
EBIT	-24.367	1.868	-26.235	-	118.437	142.840	-24.403	-17%
EBT	-22.194	-150	-22.044	-	120.111	140.223	-20.112	-14%
Tap/hagnaður tímabilsins	-22.870	267	-23.137	-	89.068	111.223	-22.155	-20%
Efnahagsreikningur								
Heildareignir	-	-	-	-	1.292.493	971.979	320.514	33%
Eigið fé	-	-	-	-	568.213	456.531	111.682	24%
Vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	242.382	65.530	176.852	270%
Handbært fé og markaðsverðbréf	-	-	-	-	250.125	214.119	36.006	17%
Nettó vaxtaberandi skuldir	-	-	-	-	-7.743	-148.589	140.846	-95%
Sjóðstreymi								
Veltufé til/frá rekstri	-10.701	3.079	-13.780	-	210.801	211.260	-459	-0%
Handbært fé til/frá rekstri	-39.471	36.640	-76.111	-	209.024	245.136	-36.112	-15%
Fjárfestingahreyfingar	-69.986	-87.507	17.521	-20%	-291.759	-219.942	-71.817	33%
Fjármögnunarahreyfingar	147.727	-10.616	158.343	-	113.643	-14.320	127.963	-
Handbært fé í lok tímabils	226.889	194.586	32.303	17%	226.889	194.586	32.303	17%
Lykiltölur								
Afkoma USD cent á hlut	-0,46	0,01	-0,47	-	1,79	2,24	-0,45	-20%
Innra virði hlutfjár	-	-	-	-	13,99	11,24	2,75	24%
Eiginfjárlutfall	-	-	-	-	44%	47%	-3,0 %-stig	-6%
Veltufjárlutfall	-	-	-	-	0,92	0,80	0,12	15%
Fjárfestingar, þúsundir USD	39.723	100.784	-61.061	-61%	243.397	210.400	32.997	16%
Flutningatekjur % af heildartekjum	72,4%	71,0%	1,5 %-stig	-	73,7%	74,5%	-0,8 %-stig	-1%
EBITDAR hlutfall	4,7%	13,7%	-9,1 %-stig	-	19,8%	23,0%	-3,1 %-stig	-14%
EBITDA hlutfall	1,0%	10,0%	-9,0 %-stig	-	17,1%	19,9%	-2,8 %-stig	-14%
Hlutabréf íslenskar krónur								
Hæsta verð á tímabili	26,53	35,40	-8,87	-25%	38,90	35,40	3,50	10%
Lægsta verð á tímabili	22,95	30,35	-7,40	-24%	22,95	20,95	2,00	10%
Lokaverð tímabils	-	-	-	-	23,10	35,40	-12,05	-35%
Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir)	-	-	-	-	115.500	177.000	-61.500	-35%

BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI

„Rekstrarniðurstaða ársins er sú næstbesta í 80 ára sögu félagsins og starfsemin gekk í heildina mjög vel á árinu, við krefjandi aðstæður. Félagið flutti alls tæplega 3,7 milljónir farþega í millilandaflugi og fjölgaði þeim um 20% frá fyrra ári eða um 600 þúsund farþega. Mikill vöxtur er í hótelfarfseminni og var herbergjanýting mjög góð eða tæp 82%. Innanlandsflugið gekk einnig vel, þar er 9% aukning í farþegafjölda milli ára og ánægjulegt að sjá að erlendir ferðamenn nýta sér innanlandsflugið í auknum mæli. Fraktstarfsemin gekk einnig vel.

Við upphaf árs er hins vegar ljóst að aðstæður í rekstrinum eru mjög krefjandi. Eins og við greindum frá í seinustu viku hefur að undanförun orðið breyting í bókunarflæði Icelandair til hins verra. Bókanir eru hægari en gert var ráð fyrir og meðalfargjöld á mörkuðum hafa lækkað umfram spár. Á síðustu dögum hafa komið fram upplýsingar um að þetta sé þróun sem almennt á sér stað á alþjóða flugmarkaði. Þróunina má einkum rekja til aukinnar samkeppni en einnig má leiða líkur að því að óvissa vegna breytinga í alþjóða stjórnárum hafi áhrif á eftirspurn. Verkfall sjómanna á Íslandi hefur neikvæð áhrif á fraktstarfsemi félagsins. Gjaldmiðlar hafa þróast á óhagstæðan hátt miðað við fyrra ár og olíuverð hefur jafnframt hækkað. Horfur í hótelfarfsemi okkar eru góðar.

Við horfum til framtíðar og tökumst á við þessar breyttu aðstæður með langtímahagsmuni félagsins í huga. Þegar hefur verið gripið til aðgerða í rekstri samstæðunnar sem gert er ráð fyrir að skili hagræðingu og auknum tekjum. Meðal aðgerða eru breytingar á uppbyggingu á fargjöldum og vöruframboði Icelandair. Þessar breytingar, sem unnið hefur verið að frá því í haust, eru til að mæta aukinni samkeppni, breyttum aðstæðum á mörkuðum fyrirtækisins og breytingum á neyslunum flugfarþega. Markmið breytinganna er að ná til nýrra viðskiptavina auka sýnileika félagsins í leitarvélum gagnvart tilteknum markhópum og breikka tekjugrunn félagsins. Frá síðastliðnu hausti hefur enn fremur verið hert verulega á kostnaðaraðhaldi innan félagsins.

Markmið félagsins er að aðgerðir á tekju- og gjaldahlið muni skila bættri afkomu að fjárhæð 30 milljónir USD á ársgrundvelli þegar þær verða að fullu komnar til framkvæmda í byrjun árs 2018.

Efnahagsreikningur félagsins er sem fyrr sterkur, eiginfjárlutfall er 44% og handbært fé og markaðsverðbréf ríflega 250 milljónir USD. Stefna félagsins varðandi fjárhagslegan styrkleika hefur alltaf verið rökstudd með því að rekstrarumhverfi flugfélaga er sveiflukennt. Félagið er því vel í stakk búíð að takast á við þær sveiflur sem um þessar mundir eiga sér stað í rekstrarumhverfi þess. Við gerum áfram ráð fyrir hóflegum innri vexti á árinu og langtímahorfur fyrirtækisins eru góðar.“

FLUTNINGATÖLUR

- Metfjöldi farþega í millilandaflugi árið 2016: 3,7 milljónir og fjölgun um 20%.
- Farþegafjöldi í millilandaflugi á 4. ársfjórðungi 769,5 þúsund og sætanýting 79,8%.
- Met herbergjanýting á hótélum félagsins árið 2016 81,5%.

	4. ársfj. '16	4. ársfj. '15	% br.	12 mán. '16	12 mán. '15	% br.
ICELANDAIR						
Farþegafjöldi ('000)	769,5	631,4	22%	3.674,5	3.074,2	20%
Sætanýting (%)	79,8	80,7	-0,9 %-stig	82,2	83,2	-1,0 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	2.952,7	2.339,6	26%	13.653,3	11.083,3	23%
FLUGFÉLAG ÍSLANDS						
Farþegafjöldi ('000)	72,5	64,8	12%	322,7	296,2	9%
Sætanýting (%)	63,7	73,7	-10,0 %-stig	69,3	74,4	-5,1 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	40,8	27,6	48%	179,6	145,0	24%
LEIGUFLUG						
Flotanýting (%)	100,0	100,0	0,0 %-stig	100,0	100,0	0,0 %-stig
Seldir blokk tímar	5.488	5.829	-6%	23.523	23.263	1%
FRAKTFLUTNINGAR						
Seldir tonn kílómetrar ('000)	26.907	26.520	1%	105.379	100.497	5%
HÓTEL						
Framboðnar gistinætur	82.493	71.926	15%	352.214	325.941	8%
Seldar gistinætur	62.871	48.804	29%	287.160	254.842	13%
Herbergjanýting (%)	76,2	67,9	8,4 %-stig	81,5	78,2	3,3 %-stig

Icelandair flutti 770 þúsund farþega í millilandaflugi á fjórða ársfjórðungi og voru þeir 22% fleiri samanborið við fjórða ársfjórðung 2015. Framboð jókst á sama tímabili um 26% og sætanýting nam 79,8% samanborið við 80,7% á árinu á undan. Farþegar Flugfélags Íslands voru tæplega 73 þúsund í fjórðungnum og fjölgaði um 12% á milli ára. Seldum blokk tímum í leiguflugi fækkaði um 6% á milli ára. Fraktflutningar jukust um 1% frá því á síðasta ári. Herbergjanýting á hótélum félagsins var 76,2% samanborið við 67,9% á fjórða ársfjórðungi í fyrra.

Heildarfarþegafjöldi Icelandair árið 2016 var 3,7 milljónir og hefur Icelandair aldrei áður flutt fleiri farþega. Aukning farþega milli ára var hlutfallslega mest á ferðamanamarkaðinum til Íslands eða sem nam 23%. Sá markaður er með 38% af heildarfarþegafjölda ársins. Farþegar á markaðnum um Ísland jukust einnig mikið eða um 22% og er sá markaður jafnframt stærsti markaður félagsins með 50% af heildarfarþegafjölda árið 2016. Farþegaaukning á heimamarkaðinum frá Íslandi var 3% á milli ára.

Farþegar Flugfélags Íslands voru 323 þúsund á árinu og fjölgaði um 9% miðað við 2015. Framboð jókst um 24% á milli ára og skýrist um helmingur aukningarinnar af flugi til Aberdeen í Skotlandi. Sætanýting nam 69,3% samanborið við 74,4% árið áður. Seldir blokk tímar í leiguflugi jukust um 1% á milli ára og flutt frakt um 5% frá fyrra ári. Herbergjanýting á hótélum félagsins á árinu 2016 var 81,5% og hefur aldrei verið hærri.

REKSTUR FJÓRÐA ÁRSFJÓRÐUNGS

Púsundir USD	4. ársfj. '16	4. ársfj. '15	breyting	% breyting
EBITDAR	12.007	31.587	-19.580	-62%
EBITDA	2.453	22.942	-20.489	-89%
EBIT	-24.367	1.868	-26.235	-
EBT	-22.194	-150	-22.044	-
Tap/hagnaður tímabilsins	-22.870	267	-23.137	-
EBITDAR %	4,7%	13,7%	-9,1 %-stig	-
EBITDA %	1,0%	10,0%	-9,0 %-stig	-

EBITDA nam 2,5 milljónum USD á fjórða ársfjórðungi samanborið við 22,9 milljónir USD á sama tímabili á síðasta ári. Tap tímabilsins var 22,9 milljónir USD samanborið við hagnað að fjárhæð 0,3 milljónir USD á síðasta ári. Helstu skýringar á versnun afkomu eru lækkun meðalfargjalda í millilandaflugstarfsemi félagsins ásamt óhagstæðri gengisþróun.

TEKJUR

- Heildartekjur voru 12% hærri en á fjórða ársfjórðungi 2015.

Púsundir USD	4. ársfj. '16	4. ársfj. '15	breyting	% breyting	% af tekjum
Flutningatekjur:	185.786	163.182	22.604	14%	72%
Farþegaflug	171.845	152.313	19.532	13%	67%
Vöru- og pósthlutningar	13.941	10.869	3.072	28%	5%
Flugvéla- og áhafnaleiga	18.375	25.113	-6.738	-27%	7%
Aðrar rekstrartekjur	52.311	41.671	10.640	26%	20%
Samtals	256.472	229.966	26.506	12%	100%

Heildartekjur jukust um 12%. Flutningatekjur jukust um 22,6 milljónir USD eða um 14% á milli ára. Farþegatekjur jukust um 13% og var aukningin mest á ferðamannamarkaðnum til Íslands og á N-Atlantshafsmarkaðnum. Tekjur af vöru- og pósthlutningum jukust um 3,0 milljónir USD. Frá 1. júní 2016 er hluti af afgreiðslu- og þjónustutekjum af flugfrakt skilgreint sem frakttækjur og skýrir það hækkunina að mestu. Á móti lækka afgreiðslu- og þjónustutekjur af flugfrakt undir öðrum rekstrartekjum eins og sést í yfirlitinu hér að neðan. Tekjur af flugvéla- og áhafnaleigu námu 18,4 milljónum USD og lækkuðu um 6,7 milljónir USD. Aðrar rekstrartekjur námu 52,3 milljónum USD og jukust um 10,6 milljónir USD eða um 26% miðað við fjórða ársfjórðung 2015.

Púsundir USD	4. ársfj. '16	4. ársfj. '15	breyting	% breyting
Vörusala á hótelum, flugvöllum og flugvélum	24.721	13.918	10.803	78%
Tekjur af ferðaþjónustu	17.860	14.447	3.413	24%
Afgreiðslu- og þjónustutekjur af flugfrakt	4.377	6.234	-1.857	-30%
Seld viðhaldsþjónusta	729	706	23	3%
Söluhagnaður fastafjármuna	46	704	-658	-93%
Aðrar rekstrartekjur	4.578	5.662	-1.084	-19%
Samtals	52.311	41.671	10.640	26%

KOSTNAÐUR

- **Heildarkostnaður nam 254,0 milljónum USD.**
- **Kostnaður eykst vegna aukins umfangs, styrkingar krónunnar og almennra launahækkana.**

Púsundir USD	4. ársfj. '16	4. ársfj. '15	breyting	% breyting	% af kostn.
Laun og annar starfsmannakostnaður	98.175	76.350	21.825	29%	39%
Flugtengdur kostnaður	88.592	79.087	9.505	12%	35%
Annar rekstrarkostnaður	67.252	51.587	15.665	30%	26%
Samtals	254.019	207.024	46.995	23%	100%

Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður námu 98,2 milljónum USD samanborið við 76,4 milljónir USD á fjórða fjórðungi síðasta árs. Skýrist hækkunin af auknu umfangi rekstrarins, samningsbundnum launahækkunum og styrkingu krónunnar á móti USD á samanburðartímabilinu, en næstum allur launakostnaður félagsins er í ISK. Hagnaður af gengisvörnum kemur til lækkunar á launakostnaði fjórða ársfjórðungi 2016 um 3,3 milljónir USD og fjórða ársfjórðungi 2015 um 1,2 milljónir USD.

Flugtengdur kostnaður nam alls 88,6 milljónum USD á fjórðungi og jókst um 12% eða 9,5 milljónir USD.

Púsundir USD	4. ársfj. '16	4. ársfj. '15	breyting	% breyting	% af kostn.
Eldsneytiskostnaður	45.203	39.714	5.489	14%	51%
Flugvélaeiga	5.351	4.878	473	10%	6%
Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld	21.052	17.249	3.803	22%	24%
Viðhaldskostnaður flugvéla	16.986	17.246	-260	-2%	19%
Samtals	88.592	79.087	9.505	12%	100%

Eldsneytiskostnaður nam samtals 45,2 milljónum USD og jókst um 5,5 milljónir USD eða 14% frá sama tíma í fyrra. Heimsmarkaðsverð á eldsneyti var 11% hærra á fjórða ársfjórðungi 2016 samanborið við sama tímabil 2015. Hins vegar var uppgjörsverð félagsins, að teknu tilliti til varna á fjórðungi, að meðaltali 481 USD/tonn og var 15% lægra en það var á fjórða fjórðungi 2015. Yfirlit yfir stöðu eldsneytisvarna félagsins í lok ársins er dregið fram í kaflanum „Horfur í rekstri Icelandair Group hf. og EBITDA spá 2017“ hér á eftir. Flugvélaeiga nam 5,4 milljónum USD jókst í samanburði við fjórða ársfjórðung 2015. Skýrist það af einni B767-300 vél sem bættist við flota Icelandair. Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld hækkðu um 3,8 milljónir USD á milli ára eða um 22% vegna verðhækkana og aukins umfangs. Viðhaldskostnaður nam 17,0 milljónum USD og lækkaði lítilliga eða um 2% á milli ára.

Annar rekstrarkostnaður nam 67,3 milljónum USD og jókst um 15,7 milljónir USD á milli ára. Í töflunni hér á eftir má sjá niðurbrot á helstu liðum og þróun milli ára.

Púsundir USD	4. ársfj. '16	4. ársfj. '15	breyting	% breyting
Rekstrarkostn. fasteigna og innréttinga	6,823	5,369	1,454	27%
Samskiptakostnaður	6,456	5,051	1,405	28%
Auglýsingakostnaður	7,837	7,581	256	3%
Bókunargj., kreditkortþókn. og umboðslaun	12,359	10,684	1,675	16%
Kostnaðarverð seldra vara	8,173	4,555	3,618	79%
Þjónusta við farþega og hótélgesti	7,381	3,798	3,583	94%
Aðkeypt þjónusta í ferðaþjónustu	10,784	7,042	3,742	53%
Annar rekstrarkostnaður	7,439	7,507	-68	-1%
Samtals	67,252	51,587	15,665	30%

FJÁRMAGNSLIÐIR

▪ Gengisáhrif voru jákvæð á tímabilinu

Þúsundir USD	4. ársfj. '16	4. ársfj. '15	breyting	% breyting
Fjármunatekjur	1.194	951	243	26%
Fjármagnsgjöld	-2.384	-3.256	872	-27%
Gengisáhrif	2.766	299	2.467	-
Samtals	1.576	-2.006	3.582	-

Fjármagnsgjöld á fjórða ársfjórðungi námu 2,4 milljónum USD samanborið við 3,3 milljónir USD á fjórða fjórðungi síðasta árs. Gengisáhrif vegna stöðu peningalegra eigna og skulda í lok fjórðungsins voru jákvæð að fjárhæð 2,8 milljónir USD samanborið við 0,3 milljónir USD á sama tímabili árið 2015.

Félagið ver sjóðstreymisáhættu vegna misvægis gjaldmiðla allt að 12 mánuði fram í tímann. Misvægið er að langmestu leyti til komið vegna tekna og gjalda. Á fjórða ársfjórðungi var hagnaður vegna innleysta samninga sem komu til hækkunar á EBITDA 3,2 milljónir USD.

EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- Heildareignir námu 1,3 milljörðum USD í lok árs 2016.
- Eiginfjárhlutfall var 44%.
- Vaxtaberandi skuldir námu 242,4 milljónum USD.

Þúsundir USD	31.12.2016	31.12.2015	Breyting
Heildareignir	1.292.493	971.979	320.514
Rekstrarfjármunir	602.615	419.071	183.544
Handbært fé og markaðsverðbréf	250.125	214.119	36.006
Eigið fé	568.213	456.531	111.682
Vaxtaberandi skuldir	242.382	65.530	176.852
Handbært fé umfram vaxtaberandi skuldir	7.743	148.589	140.846
Eiginfjárhlutfall	44%	47%	-3 %-stig
Veltufjárhlutfall	0,92	0,80	14%

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 602,6 milljónum USD og jukust um 183,5 milljónir USD frá ársbyrjun. Nánari umfjöllun um fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum er undir kaflanum um sjóðstreymi og fjárfestingar. Í lok fjórðungsins voru 48 flugvélar í flugflotanum, þar af voru 40 í eigu félagsins. Fokker F-50 vélar félagsins eru í sölufarli. Í töflunni hér á eftir er yfirlit yfir flota félagsins í lok ársins.

Flugvélagerð	Icelandair	Cargo	Loftleiðir	Flugfél. Íslands	Flugfloti 31.12.16	Flugfloti 31.12.15	Eigin vélar	Leigu- vélar	Br. frá 31.12.15
Boeing 757 200	23	2	4		29	26	26	3	3
Boeing 757 300	1				1	1	1		0
Boeing 767 300	4		2		6	4	4	2	2
Boeing 737 700			1		1	1		1	0
Boeing 737 800			2		2	2		2	0
Bombardier Q200				2	2	2	2		0
Bombardier Q400				3	3	3	3		0
Fokker F-50				4	4	4	4		0
Total	28	2	9	9	48	43	40	8	5

Félagið er með í pöntun 16 nýjar Boeing 737 Max 8 og 9 vélar. Fyrstu vélarnar verða afhentar á fyrsta ársfjórðungi 2018. Fjárfesting í vélunum, að meðtöldum fyrirframgreiðslum, greinast þannig niður á næstu fjögur ár:

Milljónir USD

2017	82
2018	177
2019	248
2020	192

Skuldabréfaútbod sem félagið fór í árinu 2016 var að hluta til þess að fjármagna fyrirframgreiðslur vegna vélanna. Félagið vinnur nú að fjármögnun vélanna sem afhentar verða á árinum 2018 og 2019 og gengur sú vinna vel. Gert er ráð fyrir að allt að sex vélar sem eru til afhendingar á þeim árum verði seldar og endurleigðar til lengri tíma. Samningaviðræður við leigusala standa yfir og er reiknað með að þeim ljúki á fyrsta ársfjórðungi 2017.

Eigið fé nam 568,2 milljónum USD í árslok og eiginfjárhlutfallið var 44%. Í lok árs 2015 var eiginfjárhlutfallið 47%.

Þúsundir USD

Eigið fé 1.1. 2016	456.531
Afkoma tímabilsins	138.650
Arðgreiðsla (0.54 US cent á hlut)	-26.968
Eigið fé 31.12. 2016	568.213

Vaxtaberandi skuldir námu 242,4 milljónum USD, samanborið við 65,5 milljónir USD í ársbyrjun. Í október 2016 gaf Icelandair Group út óveðtryggð skuldabréf að fjárhæð 150 milljónir USD. Skuldabréfin eru til fimm ára og bera 3,5% vexti, ofan á þriggja mánaða LIBOR-vexti, án vaxtagólfs. Fjármagnið verður nýtt til fyrirframgreiðslna inn á nýjar flugvélar og í fjármögnun annarrar starfsemi Icelandair Group.

Afborganir langtímaskulda á fjórða ársfjórðungi námu 2,3 milljónum USD. Handbært fé og markaðsverðbréf námu samtals 250,1 milljón USD í lok árs 2016 samanborið við 214,1 milljón USD í byrjun árs. Handbært fé umfram vaxtaberandi skuldir var því 7,7 milljónir USD í árslok.

Þúsundir USD	31.12.2016	31.12.2015	breyting
Vaxtaberandi langtímaskuldir	196.722	55.387	141.335
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	45.660	10.143	35.517
Markaðsverðbréf	23.236	19.533	3.703
Handbært fé	226.889	194.586	32.303
Handbært fé umfram vaxtaberandi skuldir	7.743	148.589	140.846

SJÓÐSTREYMI

- **Handbært fé til rekstrar nam 39,5 milljónum USD.**
- **Handbært fé í árslok 2016 var 226,9 milljónir USD.**

Þúsundir USD	4. ársfj. '16	4. ársfj. '15	breyting
Veltufé frá rekstri	-10.701	3.079	-13.780
Handbært fé frá rekstri	-39.471	36.640	-76.111
Fjárfestingahreyfingar	-69.986	-87.507	17.521
Fjármögnunarahreyfingar	147.727	-10.616	158.343
Handbært fé, breyting	38.270	-61.483	99.753
Handbært fé í lok tímabils	226.889	194.586	32.303

Handbært fé til rekstrar á fjórða ársfjórðungi nam 39,5 milljónum USD samanborið við handbært fé frá rekstri að fjárhæð 36,6 milljón USD á fjórða ársfjórðungi 2015. Handbært fé á fjórðungnum jókst um 38,3 milljónir USD.

FJÁRFESTINGAR

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 37,6 milljónum USD á fjórða ársfjórðungi, þar af var stærsti hlutinn vegna hreyflayfirhala. Fjárfestingar í langtímakostnaði og óefnislegum eignum námu alls 2,2 milljónum USD. Fjárfestingar ársins námu alls 243,4 milljónum USD.

Þúsundir USD	4. ársfj. '16	12M 2016
Varanlegir rekstrarfjármunir		
Flugvélar og fylgihlutir	7,186	107,074
Hreyflayfirhöl eigin vélar	22,557	70,574
Aðrar fjárfestingar	7,818	53,468
Varanlegir rekstrarfjármunir alls	37,561	231,116
Langtímakostnaður		
Hreyflayfirhöl á leiguvélum	1,473	10,678
Óefnislegar eignir	689	1,603
Fjárfestingar samtals	39,723	243,397

HORFUR Í REKSTRI ICELANDAIR GROUP HF. OG EBITDA SPÁ 2017

- **Aukin óvissa í alþjóðlegum flugrekstri.**
- **EBITDA spá 140-150 milljónir USD árið 2017.**

EBITDA spá fyrir árið 2017 gerir ráð fyrir að EBITDA muni lækka á milli ára og nema 140-150 milljónum USD. Í eftirfarandi brú koma fram helstu liðir sem skýra áætlaða breytingu á EBITDA milli ára.

Milljónir USD

EBITDA 2016	220
Icelandair:	
Framboðsáukning - nettó EBITDA áhrif	26
Lækkun einingatekna v/ lækkunar meðalfargjalda	-57
Gengisáhrif að teknu tilliti til varna	-22
Áhrif verðhækkana á eldsneyti að teknu tilliti til varna	-12
Samningsbundnar launahækkningar og annar kostnaður	-16
Önnur félög	
Annað	6
EBITDA spá 2017	140-150

Eftir miðjan janúar lækkuðu meðalfargjöld mun meira en félagið hafði gert ráð fyrir. Horfur eru á áframhaldandi þrýstingi á fargjöld. Þessa þróun má einkum rekja til aukinnar samkeppni en einnig má leiða líkur að því að óvissa vegna breytinga í alþjóðastjórn málum hafi áhrif á eftirspurn. Að auki hafa gjaldmiðlar þróast á óhagstæðan hátt miðað við fyrra ár og olíuverð hefur hækkað.

Horfur í annarri starfsemi Icelandair Group eru góðar. Hótelstarfsemin gengur vel og útlit er fyrir góða nýtingu á árinu enda gert ráð fyrir áframhaldandi fjölgun ferðamanna til Íslands. Sjómannaverkfall á Íslandi hefur þó neikvæð áhrif á fraktstarfsemi félagsins og sterk króna hefur áhrif á afkomu innlendrar ferðaþjónustu, Iceland Travel, en bókanir þar eru sterkar.

Eins og fram kom í tilkynningum félagsins frá miðju ári 2016 hefur félagið gert ráð fyrir að rekstrarskilyrði væru að versna. Frá þeim tíma hefur félagið lagt aukna áherslu á verkefni sem miða að því að auka tekjur og lækka kostnað.

Icelandair mun gera breytingar á uppbyggingu á fargjöldum og auka fjölbreytileika í vöruframboði. Þessi aðlögun, sem unnið hefur verið að frá því í haust, er til að mæta aukinni samkeppni, breyttum aðstæðum á mörkuðum fyrirtækisins og breytingum á neysluvenjum flugfarþega. Markmið breytinganna er að ná til nýrra viðskiptavina, auka sýnileika félagsins í leitarvélum gagnvart tilteknum markhópum og breikka tekjugrunn félagsins. Meðal annars verða kynnt ný fargjöld þar sem viðskiptavinur getur valið að sleppa þjónustubáttum sem eru innifaldir í dag og greiða fyrir þá þjónustu sem hann velur sjálfur, svo sem farangursheimildir. Jafnframt verða kynntar nýjar virðisaukandi þjónustuleiðir á almennu farrými og hagstæðari fargjöld á viðskiptafarrými. Innleiðing hefst á öðrum ársfjórðungi. Félagið hefur nýlega breytt reglum varðandi töskugjöld og greiða farþegar nú fyrir tösku númer tvö á öllum leiðum. Gert er ráð fyrir að breytingin auki hliðartekjur. Þá geta viðskiptavinir nú greitt inn á fargjöld með vildarpunktum, sama hver punktafjárhæðin er.

Frá síðastliðnu hausti hefur verið hert verulega á kostnaðaraðhaldi innan félagsins. Meðal aðgerða má nefna að allir ferlar við flug- og farþegaafgreiðslu í Keflavík eru í endurskoðun og hafa ráðgjafar frá IATA verið fengnir til að aðstoða við verkið með það að markmiði að þeir verði eins og best gerist. Á undanförunum misserum hefur félagið fjárfest í stafrænum lausnum og verður lögð mikil áhersla á þann þátt á árinu 2017. Félagið gerir ráð fyrir að lausnirnar muni auka hliðartekjur ásamt því að þær muni auka sjálfvirkni, styrkja ferla og þar með lækka kostnað.

Markmið félagsins er að aðgerðir á tekju- og gjaldahlið muni skila bættri afkomu að fjárhæð 30 milljónir USD á ársgrundvelli þegar þær verða að fullu komnar til framkvæmda í byrjun árs 2018. EBITDA spá félagsins fyrir árið 2017 er því 140-150 milljónir USD.

Í afkomuspá ársins er gert ráð fyrir gengi EUR gagnvart USD verði að meðaltali 1,07 og gengisvísitala íslensku krónunnar verði 164 að meðaltali á árinu 2017. Hér að neðan má sjá næmnigreiningu miðað við 10% styrkingu helstu viðskiptamynta félagsins á móti USD að teknu tilliti til varna í árslok 2016:

Þúsundir USD	ISK	EUR	GBP	CAD
Áhrif á EBITDA	-12,501	2,641	2,539	4,220

Verð á þotueldsneyti (án tillits til varna) er áætlað 540 USD/tonn að meðaltali á árinu 2017. Að teknu tilliti til varna má gera ráð fyrir að 10% lækkun á eldsneytisverði hafi jákvæð áhrif á EBITDA að fjárhæð USD 9.3 milljónir. Staða eldsneytisvarna í ársbyrjun er dregin fram í töflunni hér á eftir.

Tímabil	Áætluð notkun (tonn)	Skipta-samningar	Hlutfall varið	Meðalverð skiptasamn. USD
Jan 17	22.873	12.450	54%	410
Feb 17	21.105	15.450	73%	457
Mar 17	25.322	15.550	61%	476
Apr 17	26.463	19.550	74%	489
Maí 17	35.143	24.550	70%	493
Jún 17	46.686	26.550	57%	484
Júl 17	49.229	26.750	54%	500
Ágú 17	48.981	26.750	55%	497
Sep 17	42.853	23.550	55%	538
Okt 17	33.509	17.300	52%	508
Nóv 17	25.462	10.300	40%	538
Des 17	24.532	9.300	38%	552
12 mánuðir	402.158	228.050	57%	495*
Jan 18	21.368	4.000	19%	565
Feb 18	19.568	0	0%	0
Mar 18	23.658	0	0%	0
Apr 18	24.835	2.000	8%	578
Maí 18	33.841	3.000	9%	578
Jún 18	45.332	0	0%	0
13-18 mánuðir	168.602	9.000	5%	572*

* Vegið meðalverð


HLUTHAFAR

- Markaðsvirði félagsins í lok árs 2016 nam 115,5 milljónum króna.
- Hlutabréfaverð Icelandair Group nam 23,10 krónum í lok árs 2016.

Hæsta dagslokaverð á hvern hlut á fjórða ársfjórðungi var 26,53 krónur, lægsta dagslokaverð á hvern hlut var 22,95 krónur og meðaltals dagslokaverð á tímabilinu var 24,12 krónur á hvern hlut. Viðskipti með hlutabréf Icelandair Group á árinu 2016 námu alls 6.407 og heildarvelta nam 140,1 milljarði króna. Meðalupphæð hverra viðskipta árið 2016 var 21,9 milljónir króna. Fjöldi hluthafa var 2.560 í lok árs og fjölgaði um 173 frá upphafi árs. Fjöldi útgefina hlutabréfa þann 31. desember 2016 var 5.000.000.000 og fjöldi útstandandi bréfa á sama tíma var 4.974.540.000. Eftir að afkomuspá fyrir árið 2017 var birt í tilkynningu til Kauphallar í byrjun febrúar, lækkuðu bréf félagsins mikið og var dagslokaverð þann 7. febrúar 2017, 15,00 krónur.

Stjórn félagsins hefur ákveðið að verja allt að 1.700 milljónum króna til kaupa á eigin bréfum í samræmi við samþykkt síðasta aðalfundar. Kaupáætlun hefst í febrúarmánuði. Stjórn Icelandair Group leggur til að 565 milljónir íslenskra króna verði greiddar í arð til hluthafa á árinu 2017. Samsvarar það 0,11 krónum á hvern hlut.

Í grafinu hér á eftir má sjá þróun hlutabréfaverðsins á árinu 2016 í ISK:



KYNNINGARFUNDUR 8. FEBRÚAR 2017

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn miðvikudaginn 8. febrúar 2017 á **Icelandair Hótel Reykjavík Natura**. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group og Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt öðrum stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 08:30 og verður í sal 4-5. Morgunverður í boði frá kl. 8:00. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Hægt verður að fylgjast með fundinum beint á vefslóðinni:

<http://www.icelandairgroup.is/investors/reports-and-presentations/webcast-next/>

SAMÞYKKT ÁRSREIKNINGS

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna uppgjors fjórða ársfjórðungs og ársuppgjors 2016 var samþykktur á stjórnarfundum þann 7. febrúar 2016.

FJÁRHAGSDAGATAL

- Aðalfundur, 3.03 2017
- Uppgjör 1. ársfjórðungs – 27.04, 2017
- Uppgjör 2. ársfjórðungs – 27.07, 2017
- Uppgjör 3. ársfjórðungs – 26.10, 2017
- Uppgjör 4. ársfjórðungs – vika 06, 2018
- Aðalfundur, vika 10 2018

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

- Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455.
- Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801.